

Fyrirspurn

til heilbrigðisráðherra um aðgreiningu kynjanna við fæðingu.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

1. Hvernig hefur sú hefð mótast á fæðingardeildum opinberra sjúkrahúsanna að nýfædd stúlkubörn eru klædd í bleikt en drengir í blátt og þeir auðkenndir með bláum armböndum og stúlkur með bleikum?
2. Telur ráðherra koma til greina að þeirri hefð verði breytt á þann veg að nýfædd börn verði ekki aðgreind eftir kyni með bleikum og bláum armböndum og að þau verði framvegis klædd í hvítt eða aðra kynhlutlausari liti?